


Athugun á bleikju úr Lambavatni
á Landbrotsafrétti.

Magnús Jóhannsson

Selfossi. mars 1991. VMST-S/91002X

Eintak bókasafns

VMST-5/91002



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Suðurlandsdeild

Athugun á bleikju úr Lambavatni
á Landbrotsafrétti.

Magnús Jóhannsson

Selfossi, mars 1991. VMST-S/91002X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD
Eyrarvegi 21, 800 Selfossi.

ATHUGUN A BLEIKJU ÚR LAMBAVATNI A LANDBROTSAFRETTI.

Inngangur.

Lambavatn er um 126 ha vatn á Landbrotsafrétti í Vestur-Skaftafellssýslu. Vatnið er í um 579 m hæð yfir sjó. Botn er grýttur og víða möl. Vatnshæð í vatninu getur sveiflast um 2-3 m. Um 1970 var sleppt bleikju í vatnið en var talið fisklaust áður. Í október 1990 lögðu landeigendur net í vatnið. Netin voru átta og voru af ýmsum möskvastærðum (19,5-22-25-28-og stærri). Hluta af aflanum var komið til veiðimálastofnunar til rannsóknar.

Niðurstöður.

Alls veiddust 376 bleikjur eftir eina nótt. Í 28 mm netið fengust 20 bleikjur í 25 mm 103 í 19,5, 220 fiskar og í 22 mm 33 bleikjur. Í grófari möskva veiddist enginn fiskur.

Vegnar og lengdarmældar (silingarlengd) voru 111 bleikjur. Flestar bleikjanna voru 100-150 g og aðeins einn fiskur var þyngri en 200 g (mynd 1). Langflestar bleikjanna voru 21-28 sm og sú stærsta 35,5 sm (mynd 2).

Hlutfall kynja var jafnt. Af 44 bleikjum, sem voru kyngreindar, voru 22 hængar og 22 hrygnur. hrygnur voru að jafnaði stærri en hængar. Aldursgreindir voru 33 fiskar og voru þeir 4-8 ára, flestar voru 6-8 ára en engin reyndist eldri. Hængar voru að jafnaði yngri en hrygnur (mynd 3). Vöxtur virðist þökkalegur fyrstu 5 árin en þá dregur verulega úr vexti (mynd 4).

Holdlitur var athugaður hjá 40 fiskum og voru flestir þeirra (20) hvítir á hold en ljósrauður litur var á 17 þeirra en aðeins 3 voru rauðir á hold. Kynþroski var athugaður hjá 21 bleikju og reyndust 8 þeirra (38,1 %) ókynþroska og 13 (61,9 %) kynþroska. Kynþroska fiskur var af öllum stærðum. Minnsti kynþroska hængurinn var 17,9 sm, 59 g og fjögurra ára. Minnsta kynþroska hrygnan var 21,8 sm, 103 g. Kynþroska hængar voru að jafnaði minni en ókynþroska. Kynþroska hængar voru að jafnaði 21,8 sm en ókynþroska 25,1 sm. Stærðarmunur kynþroska og ókynþroska hrygna var hins vegar minni (25,8 sm kynþroska og 26,9 sm ókynþroska).

Holdastuðull (K), sem gefur mat á hvort fiskur er magur eða feitur, var að jafnaði lá þ.e. fiskurinn var að jafnaði magur. Flestir höfðu holdastuðul 0,80-1,05, en 22,5 % bleikjanna var með holdastuðul undir 0,80.

Fæða var athuguð hjá 36 bleikjum. Aðalfæðan var rykmýslirfur (var aðalfæða í 48,0 % fiska með fæðu). Skelkrabbar og vorflugulirfur fundust einnig í nokkrum mæli. Magafylli var lág. Í 76,5 % bleikjanna var engin eða mjög lítil fæða. Nokkuð bar á bandormasýkingu í innyflum.

Umræða og ályktanir.

Niðurstöður þessara athugana virðast ótvíræðar. Í Lambavatni er meira af bleikju en það getur með eðlilegu móti borið, það er ofsetið. Mikið virðist af smárri hægvoxta og horaðri bleikju. Þá bendir lítil magafylli á fæðuskort. Sama gerir át bleikjanna á skelkröbbum sem eru smá botndýr sem sjaldan finnast í bleikjumögum. Vöxtur virðist þokkalegur fyrstu 5 árin en þá dregur verulega úr vexti.


Athygli vekur hve mikill hluti bleikjanna er 6-8 ára (mest hrygnur) en engin eldri. Skýringin kann að hlut að liggja í að erfitt er að greina aldur á mjög hægvoxta fiski. Þá er hugsanlegt að mjög mikill dauði verði á bleikjunni við þennan aldur. Líklegasta skýringin er þó sú að um mjög sterka árganga sé að ræða. Arið 1970 er slegpt fyrst bleikju í vatni, sem áður var fisklaust. Sú bleikja hefur trúlega verið hraðvoxta og fyrst kynþroska og hrygnt árin 1975-1976 (sbr. Magnús Jóhannsson 1990). Bráðþroskuðustu afkomendur þeirra hafa síðan orðið kynþroska 1981 svo hrygning jókst verulega. Þetta olli mikilli aukningu í nýliðun í vatninu og skýrir þann mikla fjölda 8 ára bleikja og yngri 1990. Eldri árgangar (frá 1975 og 1976) eru trúlega útdauðir. Vatnið varð því ofsetið eftir tvær kynslóðir. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í Noregi (Svenning 1989)

Bleikjan í Lambavatni er fremur léleg verslunarvara. Hún er smá og mögur og stór hluti (50%) var hvítur á hold en slíkur fiskur verður ekki seldur. Erfitt er að nýta bleikju sem er undir 150 g. Með flökun má þó nýta fisk all niður í 100 g. Bleikjan var veidd á hrygningartíma en á þá eru fiskgæðin minnst. Fiskgæðin ættu að vera mun betri síðari hluta vors og fram á sumar. Trúlega er erfitt að fækka (grisja) bleikjustofninn í Lambavatni svo gagn sé í. Til þess þarf mikið og stöðugt veiðiátak. Hins vegar er sjálfsagt að nýta þann fisk sem í vatninu er. Það verður trúlega best gert með því að veiða í net með smáum möskva (20-30 mm) á þeim árstíma þegar fiskur er í hvað skásta ástandi þ.e. síðla vetrar og fram á sumar.


Heimildir.

Magnús Jóhannsson 1990. Fiskrannsóknir á Veiðivötnum 1988 og 1989. Veiðimálastofnun VMST-S/90005X: 33 bls.


Svenning, M. A. 1989. Fiskehistoria om Takvatnet. Ottar 176: 8-15.




Mynd 1. ÞYNGDARDREIFING BLEIKJU. LAMBAVATN 1990.



Mynd 2. BLEIKJA, LAMBAVATN 1990.



Mynd 3. ALDURSDREIFING BLEIKJU EFTIR KYNJUM.



Mynd 4. LENGD BLEIKJU EFTIR ALDRI, LAMBAVATN.